
DEILISKRÁNING FORNLEIFA VEGNA ENDURNÝJUNAR HITAVEITULAGNAR Í LANDI STÓRU-DRAGEYRAR



RITSTJÓRI OG HÖFUNDUR EFNIS: KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

Reykjavík 2016

FS614-16061

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Á forsíðumynd er horft yfir minjar í túni Stóru-Drageyrar (bæjarhól BO-147:001 og þúst BO-147:002) sem búið er að grafa lagnaskurð í gegnum. Horft til vesturs.

Ljósmynd tók Kristborg Þórsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2016

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	5
1. INNGANGUR	6
2. FORNLEIFASKRÁ.....	8
3. UMFJÖLLUN OG NIÐURSTÖÐUR.....	12
HEIMILDASKRÁ	14
VIÐAUKI 1: HNI TASKRÁ ISN93.....	15
VIÐAUKI 2: KORT	16



Helstu niðurstöður

- Deiliskráning fornleifa var unnin í landi Stóru-Drageyrar í sunnanverðum Skorradal vegna endurnýjun hitaveitulagnar. Lögnin er 3 km á lengd og tekið var út 30 m breitt svæði, 15 m út frá hvorum skurðbarmi.
- Þrjár fornleifar eru á svæðinu sem tekið var út og eru þær allar í heimatúni. Þegar deiliskráningin fór fram voru framkvæmdir hafnar og búið var að grafa skurð í gegnum minjarnar.
- Þar sem lögnin liggur yfir Vörðuholt er sá möguleiki fyrir hendi að hún verði færð suður fyrir holtið í stað þess að hún fari beint yfir holtið. Verði það gert er líklegt að ein fornleif á sunnanverðu holtinu lendi innan framkvæmdasvæðisins en auðvelt ætti að vera að komast hjá raski á henni.
- Minjastofnun Íslands hefur farið fram á rannsókn á fornminjunum í túni sem búið er að raska með skurðgreftri.

1. Inngangur


Í lok maí 2016 óskuðu Veitur ohf eftir því að Fornleifastofnun Íslands tæki að sér að vinna deiliskráningu fornleifa vegna endurnýjunar hitaveitulagnar í landi Stóru-Drageyri í Skorradal. Þegar beiðni um deiliskráninguna barst voru framkvæmdir þegar hafnar og búið var að grafa um 500 m langan lagnaskurð meðfram malarvegi um sveitina og í gegnum heimatún Stóru-Drageyrar. Minjastofnun Íslands stöðvaði framkvæmdina þegar í ljós kom að framkvæmdaleyfi lá ekki fyrir og framkvæmdin hafði ekki fengið umsögn frá MÍ.

Fornleifastofnun vinnur um þessar mundir að aðalskráningu fornleifa í Skorradal og var nýbúið að aðalskrá fornminjar á Stóru-Drageyri þegar beiðni um deiliskráningu barst. Skráningin var unnin af Kristborgu Þórsdóttur og Kristjönu Vilhjálmisdóttur, fornleifafræðingum, og sá Kristborg einnig um skýrsluskrif og kortagerð. Skráningin fór fram þann 3. júní 2016 við kjöraðstæður.

Hitaveitulögnin er um 3 km að lengd og var 30 m breitt svæði á þeirri leið tekið út, 15 m út frá hvorum skurðbarmi. Allt svæðið var gengið í leit að fornleifum, einnig þar sem þegar var búið að grafa lagnaskurðinn. Hitaveitulögnin verður í syðri vegöxl malarvegar sem liggur af vegi 520 til austurs meðfram Skorradalavatni að skála Skátafélags Akraness.

Í skýrslunni sem hér fylgir á eftir er fyrst gerð grein fyrir þeim fornleifum sem eru á úttektarsvæðinu (2. kafli: Fornleifaskrá). Þar á eftir fylgir niðurstöðukafli (3. kafli) en aftast í skýrslunni er svo að finna heimildaskrá ásamt hnitalista og korti.

Við vettvangskönnun var farið eftir lögbundinni skilgreiningu fornleifa. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir m.a. að til fornleifa teljist hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra minja sem menn hafi gert eða mannaverk séu á og séu 100 ára og eldri, svo sem:



Kort sem sýnir úttektarsvæðið (Herforingjaráðskort 36)

a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða,

leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.


2. Fornleifaskrá

BO-147 Stóra Drageyri

12 hdr. 1707. JÁM IV, 1660. Einnig Eystri Eyri undir Draga. Helgafellsklausturjörð en seld Narfa Jónssyni 1352-79 - DI III, 138. Hvanneyrarkirkjueign frá 1420. Var í eyði 1583 - Kirknaregistur Skálholtsstiftis sbr. DI IV, 286 nmgr. 3. Oddsstaðir áttu skógarítak, Oddsstaðatungu, við austurmörkin, einnig átti Stafholtskirkja hér ítak. Stóru Drageyri fylgdi engjaítak í hólma í Andakílsá, Kistuhólma. Jörðin hefur verið í eyði frá 1966 en hluti túna hefur verið sleginn síðan. Ríkiseign en Skógrækt ríkisins hefur umráð yfir mestum hluta jarðarinnar, utan túns og hestagirðingar, og er þar hafin skógrækt

1918: 41.487 m² = 13 dagsl. 1/2 þýft. Garðar 757 m². "Dragafell er víða skriðurunnið og allbratt, undirlendi er lítið með vatninu austur frá bænum. Skógur var hér orðinn mjög eyddur um 1700. ... Mýrardrög eru á stöku stað, en annars vallendisbalar og móar og holt á milli. Silungsveiði er í Skorradalavatni, ef eftir er leitað. BB II, 240.

BO-147:001 Stóra Drageyri bæjarhóll bústaður X 378651 Y 448673



Bæjarhóll Stóru-Drageyrar er nærri austurjaðri gamla heimatúnsins sem er á miklu flatlendi á grónum áreyrum Dragár. Malarvegur um sunnanverðan dalinn liggur fast NNA við bæinn og hefur mögulega raskað bæjarhólnum í þeim enda. Bæjarlækur (sjá 012) rennur fáum metrum austan við bæjarhólinn til norðurs í Skorradalavatn. Íbúðarhús byggt 1924 er um 38 m vestan við bæjarhólinn (sjá 002).

Bæjarhóllinn er í flatlendu túni sem hefur verið nytjað þrátt fyrir að búskap sé löngu hætt á

jörðinni. Þegar aðskráning fornleifa fór fram á jörðinni var verið að grafa skurð fyrir nýrri hitaveitulögn meðfram efri (syðri) brún vegarins og var skurðurinn kominn að vesturjaðri bæjarhólsins en ekki var búið að fara í gegnum hann. Það var gert skömmu síðar og efninu mokað upp á syðri skurðbakkann, upp á hólinn.



Á vinstri mynd er bæjarhóll 001 og kálgarður, horft til ANA. Á hægri mynd sést ASA-jaðar bæjarhólsins þar sem hann er hæstur, horft til VNV

Bæjarhóllinn er um 24x14 m að stærð og snýr NNA-SSV. Kálgarður vestan við hólinn er skráður með honum. Hann er sýndur sambyggður bæjarhúsum á túnakorti frá 1918 en er ekki á bæjarhólnum sjálfum. Bæjarhóllinn er hæstur á ASA-hlið þar sem hann er 1 m á hæð. Vestast á miðjum hólnum er hús úr bárujárni, líklega gamalt hesthús. Húsið er 7x6 m að stærð og snýr NNA-SSV. Lágir hlaðnir veggir úr torfi og grjóti eru meðfram vestur- og suðurhliðum hússins en austurhlið þess er grafin niður í hólinn, um 0,5 m niður fyrir yfirborð. Tvennar dyr eru á norðurhlið hússins. Fast austan við ANA-horn hússins er ógreinilegur veggur eða gróinn ruðningur vegna eldra rasks. Hann er 6,5 m á lengd og liggur ASA-VNV, er 0,2-0,4 m á hæð og 2 m á breidd. 3 m við SSA-horn hússins er stæðilegur veggur sem er torf- og grjóthlaðinn. Hann er 8 m á lengd og 2 m á breidd, liggur NNA-SSV. Veggurinn er hæstur um 1 m. Í lagnaskurði sem grafinn var í gegnum bæjarhóllinn sáust uppsöfnuð mannvistarlög sem eru um 1 m á þykkt. Kálgarðurinn er vestan við bæjarhóllinn og er 18x15 m að stærð, snýr austur-vestur. Hann er gróinn en er sýnilega torf- og grjóthlaðinn. Stór hluti kálgarðsins er horfinn og liggur vegurinn í gegnum hann miðjan og sá hluti hans sem var norðan við veg hefur verið sléttaður í tún. Kálgarðsveggirnir eru 1,5 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð, hæstir á vesturhlið. Innan kálgarðs og sunnan við veg eru tvær gryfjur hlið við hlið. Vestari gryfjan er 1,5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður en austari gryfjan er um 2x2 m að innanmáli. Báðar eru gryfjurnar 0,2-0,3 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918

BO-147:002 þúst útihús

X 378609 Y 448688

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 50 m suðvestan við bæ 001. Engin ummerki sjást um útihúsið lengur en allstór hóll er þar í túninu þar sem ætla má að mannvistarleifar



Þúst þar sem útihús 002 var, ofan við íbúðarhús, horft til norðausturs

sé að finna. Yngsta íbúðarhúsið á jörðinni, byggt 1924 er á sama hóli en litlu NNA við staðinn þar sem útihúsið var.

Hóllinn er í flatlendu og sléttuðu túni en hann sjálfur er utan þess svæðis sem er slegið. Hann nær fast að malarvegi sem liggur um sunnanverðan Skorradalinn.

Hóllinn er um 50x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mörk hólins sjást ekki til norðausturs vegna skurðar fyrir hitaveitulögn sem grafinn hefur verið sunnan við veginn. Ekki er því ljóst hvort hann nær undir veginn eða endar við hann. Hóllinn er ekki hærri en 1 m og er gróinn og smáþýfður. 8 m suðvestan við íbúðarhúsið er ferköntuð lægð í hólinn sem er líklega eftir hús sem hefur verið rífið, þó ekki útihúsið sem sýnt er á túnakortinu. Lægðin er 10x5 m að innanmáli og snýr eins og hóllinn, norðaustur-suðvestur. Hún er ekki dýpri en 0,2 m. Á hólnum er lítilsháttar brak úr þaki íbúðarhússins, timbur og bárujárnsplötur og annað smálegt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918

BO-147:006 *Vörðuholt* varða óþekkt "Við endann á Móholtinu [005] er lægð og síðan tekur við Vörðuholtið," segir í örnefnaskrá. Vörðubrot er syðst á Vörðuholti um 240 m austan við bæ 001. Malarvegur um sunnanverðan Skorradal liggur yfir holtið og er vörðubrotið ofan (sunnan) við veginn. Varðan er 29 m SSV við hitaveitulögn sem verið er að endurnýja (júní 2016) ef lögnin fer yfir holtið meðfram malarvegi og því utan áhrifasvæðis. Hins vegar er möguleiki á að lögnin fari suður fyrir holtið og lendir varðan þá nálægt ytri mörkum áhrifasvæðis en þar sem nákvæm útfærsla á þeirri leið lá ekki fyrir þegar skýrsla þessi var gerð var ekki hægt að mæla fjarlægð frá henni.

X 378866 Y 448574



Varða 006 á Vörðuholti, horft til ASA

Holtið er gróðurlítið en syðst er það nokkuð mosavaxið og beggja vegna við veginn og eftir öllu holtinu til norðurs er mikill lúpínugróður.

Varðan er gerð af einum stórum steini á holtinu öðrum steini sem á honum er. Fleiri steinar hafa verið þar sem sést af fari á stóra steininum. Stóri steinninn er um 0,5 m í þvermál og 0,5 m á hæð en samanlagt er varðan 0,6 m á hæð. Hún er skófum vaxin. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Mögulega er önnur varða á holtinu, um 105 m norðaustar og er hún langt utan áhrifasvæðis vegna framkvæmda við hitaveitulögn. Þar eru aðeins nokkrir steinar saman í kós á holtinu sem er 1x0,4 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki eru steinarnir margir og hefur því ekki verið um stóra vörðu að ræða. Ekki stendur steinn yfir steini.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stóra Drageyri, 3

BO-147:010 gata leið

X 378591 Y 448699

Inn á túnakort frá 1918 er merkt gata sem legið hefur frá bæ 001 í austri, meðfram sunnanverðum kálgarði sem skráður er með bænum, fram hjá útihúsi 002 og svo til NNV út úr túninu. Ummerki um leiðina sjást í túninu á stuttum kafla, um 55 m vestan við bæ 001.

Leiðin liggur um sléttu flatlent tún.

Þar sem leiðin sést er renna í túninu, eða breið gata. Hún er um 20 m á lengd, 1-1,5 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt. Gatan liggur NNV-SSA. Hún hverfur til NNV í lagnaskurð vegna endurnýjunar hitaveitulagnar og undir veg. Til SSA endar hún við þúst í túninu þar sem útihús

002 var.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918



Ummerki um leið 010 í túni, horft til NNV

3. Umfjöllun og niðurstöður

Vestast á úttekarsvæðinu eru mosagrónar og flatlendar eyrar Dragár, þá tekur við heimatún Stóru-Drageyrar sem einnig er á flatlendi. Austan við það er Vörðuholt og þaðan tekur við talsverð skógrækt í aflíðandi hlíðum Dragafells að merkjum á móti Haga (hét áður Svangi). Talsvert rask hefur orðið á úttekarsvæðinu vegna vegagerðar og skógræktar. Þar sem skógræktin er hafa verið grafnir framræsluskurðir og plægðar rásir sem plantað hefur verið í.

Fjórar fornleifar voru þekktar á svæðinu eftir aðalskráningu fornleifa á jörðinni en vettvangsvinnu við aðalskráninguna var nýlukið þegar deiliskráningin var unnin. Þrjár þeirra fornleifa eru í gamla heimatúninu en það er það svæði innan hveggjar jarðar þar sem flestra fornminja er að vænta. Minjarnar eru: *bæjarhóll og kálgarður* BO-147:001, *þúst* BO-147:002 þar sem útihús var og íbúðarhúsið á Stóru-Drageyri stendur og *gata á leið* BO-147:010. Þegar deiliskráningin var unnin var búið að grafa lagnaskurð í gegnum þessar minjar og hylja þær að hluta með uppmokstri úr skurðinum. Minjastofnun Íslands hefur sett fram kröfur um rannsókn á minjunum í heimatúninu.

Elsta heimild um búsetu á Stóru-Drageyri er frá miðri 14. öld og því ljóst að byggð á jörðinni nær langt aftur í aldir. Bæjarhólinn á Stóru-Drageyri er sérlega mikilvægur minjastaður en bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás: torfi, grjóti og öðru byggingarefni og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Eftir því sem næst verður komist hefur bærinn alltaf verið á bæjarhólnum eða fram til 1924 þegar nýtt hús var byggt um 40 m vestar, á þúst í túninu þar sem útihús var í byrjun 20. aldar en sést ekki lengur.

Ein fornleif er á úttekarsvæðinu utan heimatúnsins, *varða* BO-147:006 á Vörðuholti. Varðan er utan úttekarsvæðisins ef miðað er við að lögnin fari beint yfir Vörðuholt í vegöxlinni eins og teikningar gera ráð fyrir. Hins vegar er möguleiki á því að lögnin verði færð á um 100 m löngum kafla og lögð sunnan við holtið til að komast hjá því að fleyga skurð í gegnum það og þá kann varðan að lenda innan áhrifasvæðis. Við úttektina lá nákvæm útfærsla á þessari leið ekki fyrir en ríflegt svæði í sundinu var tekið út.

Engar fornleifar fundust á úttekarsvæðinu vestan við heimatúnið eða austan við Vörðuholt og eru engar þekktar heimildir um fornminjar á þeim svæðum.

Að lokum er minnt á það sem segir í 24. grein laga um menningarminjar:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir

á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

Heimildaskrá

BB II= Byggðir Borgarfjarðar, II. bindi. Borgarfjarðarsýsla og Akranes. 1989.

Búnaðarsamband Borgarfjarðar, [án staðar].

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI. 1853-1976. Kaupmannahöfn og Reykjavík.

JÁM IV: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. bindi Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. 1925-1927. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Túnakort: Þjóðskjalasafn Íslands. Uppdrættir af túnum 1918. Skorradalshreppur.

Ö-Stóra-Drageyri= Örnefnaskrá Stóru-Drageyrar. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki 1: Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
BO-147:001A	378651	448673
BO-147:001B	378640	448683
BO-147:002	378593	448673
BO-147:006A	378866	448574
BO-147:006B	378932	448661
BO-147:010A	378590	448699
BO-147:010B	378639	448678

Viðauki 2: Kort



Kort 1: Þekktar minjar á framkvæmdasvæðinu



Skýringar

- Hitaveitulögn
- Fornleifar, uppmæling
- Fornleifar, hnitapunktur

